

Alcoa á Íslandi
Tómas Már Sigurðsson
Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík

2008040063
6100; 9310

Reykjavík, 27. nóvember 2008

Efni: Álver Alcoa á Bakka við Húsavík, Norðurþingi. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Alcoa að matsáætlun um álver á Bakka við Húsavík.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Alcoa á Íslandi dags. 17. október 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Alcoa. Álver Alcoa á Bakka við Húsavík í Norðurþingi. HRV-Engineering. október 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Norðurþingi, Tjörneshreppi, Byggðastofnun, Ferðamálastofu, Fiskistofu (lax- og silungsveiðisvið), Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Siglingastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Vinnueftirliti ríkisins. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Norðurþingi með bréfi dags. 11. nóvember 2008, Tjörneshreppi með bréfi dags. 17. nóvember 2008, Byggðastofnun með bréfi dags. 3. nóvember 2008, Ferðamálastofu með bréfi dags. 12. nóvember 2008, Fiskistofu (lax- og silungsveiðisvið) með bréfi dags. 3. nóvember 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 10. nóvember 2008, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 7. nóvember 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 30. október 2008, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 11. nóvember 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 6. nóvember 2008, Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 7. nóvember 2008 og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 6. nóvember 2008. Athugasemdir bárust frá Landvernd með bréfi dags. 6. nóvember 2008, Náttúruverndarsamtökum Íslands með tölvupósti dags. 6.

nóvember 2008, Hjörleifi Guttormssyni með tölvupósti dags. 6. nóvember 2008, Kristni Stefánssyni og Sigurborgu Rögnvaldsdóttur með tölvupósti dags. 10. nóvember 2008, Rósu Kjartansdóttur og Jónasi Jónassyni með tölvupósti dags. 6. nóvember 2008. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 10., 11., 12., 13., 14. og 18. nóvember 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Alcoa að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Alcoa dags. 10., 11., 12., 13., 14. og 18. nóvember 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

Skipulag og leyfi

Í kafla 4.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um leyfi og lagaskilyrði. Fram kemur að stefnt sé að því að samhliða mati á umhverfisáhrifum verði unnið að starfsleyfi álversins í samráði við Umhverfisstofnun, að því gefnu að Skipulagsstofnun fallist á þessa tilhögun. Skipulagsstofnun fellst á og hvetur til þeirrar tilhögunar að tillaga að starfsleyfi verði unnin samhliða mati á umhverfisáhrifum og að drögin verði birt í frummatsskýrslu.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Útblástur. Í kafla 5.2.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um útblástur frá fyrirhuguðu álveri Alcoa á Bakka. Fram kemur að gerð verði grein fyrir útreikningum á dreifingu brennisteinsdíoxíðs, loftkennds flúors (HF), svifryks (PM₁₀) og vokvetniskolefnis (B(a)P). Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að greina frá dreifingu fyrrgreindra mengunarefna eftir hreinsun útblásturs, þ.e. þurrhreinun eingöngu sem og þurrhreinun að viðbætti vothreinsun. Koma þarf fram hvernig dreifing mengunarefnanna fellur að tölusettum viðmiðunargildum í reglugerðum fyrir skammtíma- og langtímagildi.

Vöktun. Í kafla 6.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fyrirhugaðar bakgrunns- og vöktunarrannsóknir. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu skuli gera grein fyrir tillögu að sýnatökustöðum vegna vöktunar og bakgrunnsrannsókna. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að þegar birtar verða spár um umhverfisáhrif þá verði notast við þá reynslu sem fengist hefur af rekstri Fjarðaáls. Ekki síst ef tiltækar eru beinar mælingar og upplýsingar sem fengist hafa af vöktun umhverfisáhrifa. Slík gögn eru mikils virði til að sannreyna spár um umhverfisáhrif.

Þjóðhagsleg áhrif framkvæmdanna. Í kafla 5.2.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um samfélagsleg áhrif. Fram kemur að þjóðhagsleg áhrif byggingar og rekstrar verði metin. Skipulagsstofnun telur að þar sem að í 3. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er tiltekið að þjóðhagsleg áhrif og arðsemi einstakra framkvæmda séu ekki umhverfisáhrif í skilningi laganna þá skuli ekki fjalla um þjóðhagsleg áhrif í frummatsskýrslu.

Notkun eininga þegar fjallað er um orkuþörf og -öflun. Í kafla 4.3.5 á bls. 13 í tillögu að matsáætlun kemur fram að orkuþörf sé 3.650 - 5.050 GWh/ári en í kafla 4.6 á bls. 15 eru tilgreindar jarðvarmavirkjanir sem tengjast byggingu álversins og er framleiðslugeta þeirra

áætluð 400 MW_e í uppsettu afli. Í frummatsskýrslu þarf að setja upplýsingar um orkuþörf og orkuöflun fram með þeim hætti að almenningur geti með einföldu móti borið stærðirnar saman. Skipulagsstofnun telur því brýnt að í frummatsskýrslu komi fram hvað orkuþörf álversins samsvari aflmiklum virkjunum og með sama hætti komi fram í umfjöllun um orkuöflun vegna álversins hversu mikla orku er að hafa frá mögulegu afli tilgreindra virkjana.

Tengdar framkvæmdir. Í kafla 4.3.5 á bls. 13 í tillögu að matsáætlun kemur fram að orkuþörf sé 3.650 - 5.050 GWh/ári. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hversu mikla orku talið er að unnt verði að fá frá jarðvarmavirkjunum í Þingeyjarsýslum og hvað sú orka dugi fyrir mikilli álframleiðslu á ári. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að fram þurfi að koma, eftir því sem kunnugt er, hvaða aðrir virkjanakostir komi til greina vegna álversins og hversu mikil orka er til staðar í raforkukerfinu sem gæti nýst álverinu. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir hvort orkuöflun hefur í för með sér framkvæmdir sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, hverjar þær framkvæmdir eru og hvenær fyrirhugað er að málsmeðferð vegna þeirra hefjist samkvæmt framangreindum lögum.

Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram sem ítarlegastar upplýsingar frá Landsneti um hvort háspennulínur anni flutningi á hugsanlegri orku sem er í orkukerfinu til álvers á Bakka. Ef svo er ekki þá ber, í frummatsskýrslu, að gera grein fyrir takmörkunum og flöskuhálsum vegna orkuflutnings til álvers á Bakka.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson